



Samantekt um almenn og sértæk markmið í rekstri Landsbankans hf.

Maí 2020

Efnisyfirlit

| | | |
|-----|----------------------------------------------------------|----|
| 1. | Inngangur | 3 |
| 2. | Skilgreiningar..... | 3 |
| 3. | Almenn ákvæði..... | 4 |
| 4. | Sérstök ákvæði..... | 5 |
| 4.1 | Rekstrarmarkmið | 5 |
| 4.2 | Arðsemi | 5 |
| 4.3 | Heilbrigður rekstur | 6 |
| 4.4 | Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja og heimila..... | 9 |
| 5. | Upplýsingagjöf til hluthafa og eftirfylgni..... | 10 |
| 5.1 | Viðskiptaáætlun..... | 10 |
| 5.2 | Ársreikningur og aðalfundur | 10 |
| 5.3 | Ársfjórðungsleg skýrslugjöf | 10 |
| 5.4 | Upplýsingafundir með hluthöfum..... | 11 |
| 5.5 | Eftirfylgni..... | 11 |
| 5.6 | Mikilvæg atriði | 11 |
| 6. | Upplýsingamiðlun..... | 12 |
| 7. | Önnur atriði..... | 12 |
| 8. | Gildistími og endurskoðun..... | 12 |

1. Inngangur

Landsbankinn hf. var stofnaður 7. október 2008. Eignarhlutur ríkisins í bankanum nam á þeim tíma 81,33%, en Landskil ehf. fór með 18,67% eignarhlut á móti ríkinu. Þann 4. janúar 2010 var Bankasýslu ríkisins falið að fara með eignarhlut ríkisins í Landsbankanum, þá NBI hf. Samkvæmt e-lið 4. gr. laga nr. 88/2009, um Bankasýslu ríkisins, er eitt af verkefnum Bankasýslunnar að gera samninga við stjórnir hlutaðeigandi fjármálafyrirtækja, þar á meðal um sérstök og almenn markmið í rekstri þeirra. Þann 16. desember 2010 gerði Bankasýslan slíkan samning við Landsbankann, þá NBI hf., um almenn og sértæk markmið í rekstri NBI hf.

Samkvæmt lið 5.5. í fyrrgreindum samningi skal frá árinu 2011 og árlega eftir það á meðan samningurinn er í gildi fara nákvæmlega yfir ákvæði samningsins og hvernig bankinn hefur mætt þeim samningsákvæðum og markmiðum sem þar eru sett fram. Bankinn skal skila skriflegri skýrslu um efnið.

Bankaráð Landsbankans hf. skilaði skýrslu til Bankasýslunnar 1. mars 2013 vegna ársins 2012. Frá þeim tíma hefur opinber skýrslugjöf um rekstur og stöðu bankans verið eflað til muna og bankinn þarf að uppfylla reglur Kauphallar um upplýsingagjöf vegna skráðra skuldabréfa bankans. Gengið var frá uppgjöri skilyrts skuldabréfs í apríl 2013, samhliða því að Landskil ehf. ráðstafaði til ríkisins og til Landsbankans eignarhlut sínum í bankanum. Á hluthafafundi 17. júlí 2013 voru staðfestar úthlutunarreglur bankaráðs um afhendingu hlutabréfa til núverandi og fyrrverandi starfsmanna. Með afhendingu bréfanna uppfyllti Landsbankinn þær skyldur sem samningur um fjárhagslegt uppgjör við LBI hf. og íslenska ríkið lagði honum á herðar. Til úthlutunar komu hlutabréf, sem áður voru í eigu Landskila ehf. Hluthöfum Landsbankans fjölgaði þar með í 1.394, en þeir voru 931 í árslok 2017. Forsendur samningsins hafa því breyst verulega og telur bankinn að sú upplýsingagjöf sem þar er gert ráð fyrir hafi efnislega verið uppfyllt að langmestu leyti í ársskýrslum, árshlutareikningum, áhættuskýrslum, samfélagsskýrslum og öðrum opinberum gögnum.

Í samantekt þessari er að finna helstu þætti í starfsemi Landsbankans sem fjallað er um í samningi bankaráðs Landsbankans við Bankasýslu ríkisins frá 16. desember 2010. Skjalið byggir á sambærilegri samantekt sem send var Bankasýslu ríkisins í janúar 2017, vegna árána 2013 – 2015, mars 2018 fyrir árin 2016 og 2017 og mars 2019 vegna rekstrarársins 2018. Rekstrarárinu 2019 hefur nú verið bætt við í þessari samantekt.

2. Skilgreiningar

Í 2. grein samningsins koma fram eftirfarandi skilgreiningar:

Skilgreiningar

Arðsemi reglulegs rekstrar (reglulegar tekjur – reglulegur rekstrarkostnaður) / eigið fé í upphafi árs.

Reglulegar tekjur Hreinar vaxtatekjur og þjónustu- og þóknunartekjur, auk arðgreiðslna.

Reglulegur rekstrarkostnaður.... Laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

Meðalstaða heildareigna (staða eigna í upphafi rekstrarárs + staða eigna í lok árs) / 2

Áhættulausir vextir Miða ber við meðalávöxtunarkröfu sem gerð er til 10 ára óverðtryggðra ríkisskuldabréfa sem skráð eru í Kauphöll. Dæmi: Fyrir árið 2011 verður miðað við RIKB19 og meðaltals ávöxtunarkröfu allra viðskiptadaga á viðkomandi ári.

3. Almenn ákvæði

Í 3. grein samningsins er eftirfarandi ákvæði:

Landsbankinn skuldbindur sig til að starfa í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda á hverjum tíma. Rekstri bankans skal hagað í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki og önnur lög, reglugerðir og reglur sem um starfsemina gilda og í samræmi við almenn og sérstök fyrirmæli Fjármálaeftirlitsins og eftir því sem við á Seðlabanka Íslands.

Landsbankinn skuldbindur sig til að haga starfsemi bankans í samræmi við bestu framkvæmd um góða stjórnarhætti, eigandastefnu ríkisins og í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti á fjármálamarkaði.

Landsbankinn starfar í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda, bestu framkvæmd um góða stjórnarhætti og í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti á fjármálamarkaði. Nánar tiltekið er um að ræða eftirfarandi lög og reglur:

- » Bankinn starfar í samræmi við lög sem gilda um fjármálamarkaðinn þ. á m. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, lög nr. 110/2007, um kauphallir, og lög nr. 129/1994, um skyldutryggingu lífeyrissjóða.
- » Bankinn fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Á hverju ári gerir Landsbankinn úttekt á því hvort þessum leiðbeiningum sé fylgt. Ítarlega er fjallað um stjórnarhætti Landsbankans í stjórnarháttayfirlýsingu í ársskýrslu bankans.
- » Landsbankinn leggur sig fram við að tryggja að varnir bankans gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka séu eins og best þekkist hjá fjármálafyrirtækjum á innlendum og alþjóðlegum vettvangi. Í því felst m.a. að Landsbankinn hefur sett ítarlegar reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem uppfylla ákvæði laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2014, tilskipanir ESB nr. 2005/60/EB og 2006/70/EB og tilmæli FATF.
- » Bankinn starfar í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Lögin lögfesta ákvæði almennu persónuverndarreglugerðar ESB 2016/679 frá 27. apríl 2016 (GDPR). Bankinn hefur lagað starfsemi sína að kröfum laganna. Á vef bankans er að finna upplýsingar um persónuvernd. Í almennri persónuverndarstefnu bankans eru ítarlegar upplýsingar um það hvenær, hvernig og í hvaða tilgangi bankinn vinnur persónuupplýsingar auk þess sem fram kemur hvernig bankinn safnar upplýsingum, tryggir öryggi þeirra og hverjum þær eru afhentar. Bankinn hefur einnig uppfært almenna viðskiptaskilmála bankans til samræmis við auknar kröfur.
- » Aðild bankans að UN Global Compact skuldbindur bankann til að huga sífellt að samfélagslegri ábyrgð sinni. Bankinn mun sem fyrr styðja við UN Global Compact og fylgja viðmiðum þess.
- » Bankaráð hefur jafnframt horft til eigandastefnu ríkisins og litið svo á að starfsemin hafi rúmast innan þeirra stefnumörkunar og meginsjónarmiða sem þar koma fram.

4. Sérstök ákvæði

4.1 Rekstrarmarkmið

Í 4.1. grein samningsins eru eftirfarandi ákvæði:

Landsbankinn mun leita ítrustu leiða til að tryggja hagkvæman rekstur, þar með talið með aðhaldi í launabróun, endurmati á starfsmannafjölda og fjölda útibúa. Reglulegur rekstrarkostnaður sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna, skal vera jafn eða lægri en 1,5% vegna rekstrarársins 2011.

Landsbankinn hefur gripið til ýmissa aðgerða til að hagræða í rekstri á undanförunum árum. Árið 2011 fjölgaði útibúum bankans í 50 í kjölfar samruna SpKef sparisjóðs við bankann. Þá sameinuðust Sparisjóður Vestmannaeyja og Sparisjóður Norðurlands Landsbankanum á árinu 2015. Bankinn yfirtók 5 útibú Sparisjóðs Vestmannaeyja og 6 útibú frá Sparisjóði Norðurlands. Frá þeim tíma hefur fjölda útibúa verið lokað eða þau sameinuð útibúum bankans og var tala útibúa komin niður í 37 í árslok 2016 og er sá fjöldi óbreyttur síðan.

Aukin sjálfsafgreiðsla og rafvæðing ferla hefur stuðlað að hagkvæmari rekstri, fækkun starfsmanna og útibúa. Þannig hafa stöðugildi farið úr 313 í 249 á síðustu þremur árum. Þá hefur verið ráðist í ýmsar sértækar hagræðingaraðgerðir og hafa stöðugildi samstæðunnar farið úr 1.311 frá árslokum 2011 í 893 í lok árs 2019. Á árinu 2019 fækkaði stöðugildum úr 919 í 893, eða um tæp 3%. Þessi þróun sést nánar á eftirfarandi yfirliti:

| | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---------------------------------------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|------|------|------|
| Fjöldi útibúa og afgreiðslna (sbr. ársskýrslur) | 45 | 35 | 34 | 32 | 38 | 37 | 37 | 37 | 37 |
| Stöðugildi | 1,311 | 1,233 | 1,183 | 1,126 | 1,063 | 1,012 | 997 | 919 | 893 |
| Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna | 2.9% | 3.2% | 3.1% | 2.5% | 2.9% | 3.1% | 3.1% | 3.2% | 2.9% |
| Reglulegur rekstrarkostnaður sem hlutfall af meðalstöðu | 1.9% | 2.1% | 1.9% | 2.1% | 2.0% | 2.0% | 2.0% | 1.8% | 1.7% |

4.2 Arðsemi

Í grein 4.2 í samningnum er eftirfarandi ákvæði:

Landsbankinn skal hafa að markmiði að arðsemi af reglulegum rekstri til lengri tíma litið sé þannig að bankanum sé unnt að auka við eigið fé sitt á almennum markaði við eðlileg markaðsskilyrði. Þá skal til þess litið að eignarhlutir eigenda bankans verði álitlegur fjárfestingarkostur. Bankinn skal vinna að því í samvinnu við Bankasýslu ríkisins að móta stefnu um hvernig náð verði markmiði um dreifða eignaraðild sem sett er fram í eigandastefnu ríkisins.

Nægileg arðsemiskrafa til lengri tíma tekur mið af markaðskröfu á fjármagni til lengri tíma og rekstrarafkomu fyrir skatta og aðrar sérstakar nýjar opinberar álögur á fjármálafyrirtæki. Að lágmarki skal stefna að 7% arðsemi af reglulegum rekstri umfram áhættulausa vexti miðað við 12% eiginfjárlutfall. Þegar gerð er krafa um 16% eiginfjárlutfall ber að stefna að arðsemi sem nemur að lágmarki 5,25% umfram áhættulausa vexti.

Aukinni arðsemi skal náð með arðbærni undirliggjandi rekstrar að leiðarljósi. Í þessu getur falist árangur í markaðsstarfi, fækkun starfsmanna og útibúa, lækkun kostnaðarhlutfalls, sameiningar o.s.frv. Ekki er ætlast til að aukinni arðsemi sé náð með óhóflegri aukningu í vaxtamun. Framangreindum ráðstöfunum er ætlað að auka samkeppnishæfni bankans til lengri tíma og stuðla að heilbrigðara bankakerfi.

Arðsemi eiginfjár bankans á undanförunum árum hefur verið góð og hefur bankinn greitt reglulegar arðgreiðslur til hluthafa frá og með árinu 2013, auk sérstakra arðgreiðslna árin 2017 - 2019. Grunnrekstur bankans hefur jafnframt farið batnandi undanfarin ár, samkvæmt skilgreiningu Bankasýslu ríkisins. Eins og sjá má á þróun arðsemi undanfarinna ára hefur hún farið vaxandi og síðustu þrjú árin hefur arðsemin verið yfir markmiðum Bankasýslu ríkisins.

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|------------------------------------------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|
| Hagnaður eftir skatta m.kr. | 25,494 | 28,759 | 29,737 | 36,460 | 16,643 | 19,766 | 19,260 | 18,235 |
| Arðsemi eigin fjár skv. skilgreiningu BR | 9.9% | 9.4% | 5.6% | 7.6% | 8.2% | 8.9% | 10.7% | 10.3% |
| Arðsemiskrafa Bankasýslu | 10.6% | 9.6% | 9.9% | 9.3% | 8.5% | 7.8% | 8.8% | 7.6% |

Arðsemiskrafa BR tekur eins og áður segir mið af meðalávöxtunarkröfu sem gerð er til 10 ára óverðtryggðra ríkisskuldabréfa sem skráð eru í Kauphöll á hverjum tíma að viðbættu álagi tengt eiginfjárlutfalli bankans.

4.3 Heilbrigður rekstur

Í grein 4.3 í samningnum er eftirfarandi ákvæði:

Landsbankinn er virkur þátttakandi á íslenskum hlutabréfa-, peninga- og gjaldeyrismarkaði og mun sem slíkur stuðla að uppbyggingu heilbrigðs fjármálamarkaðar.

Stjórn skal setja bankanum markmið um hvernig stýra skuli áhættu í rekstri bankans og hvernig hún skuli meðhöndluð. Stjórn skal skilgreina með trúverðugum hætti hvernig takmarka skuli áhættu í rekstri bankans og setji sér mælanleg markmið í því sambandi.

Stjórn setur fram tillögu að starfskjarastefnu sem tekur mið af ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki og reglum Fjármálaeftirlitsins. Meginmarkmið starfskjarastefnu verði að hvetja til uppbyggingar á heilbrigðu og öflugu fjármálafyrirtæki sem forðast óhóflega áhættusækni og skammtímasjónarmið.

Stjórn skal setja sér stefnu um starfsmannamál, um samfélagslega ábyrgð, jafnrétti og þátt bankans í umhverfisvernd og sjálfbærri þróun. Stjórn skal tryggja að skipaðir verði tilteknir ábyrgðarmenn innan bankans til að framfylgja markmiðum stjórnar í þessum efnum.

Landsbankinn er aðili að Kauphöll Íslands (Nasdaq OMX Iceland) og er bankinn einn af aðalmiðlurum ríkisverðbréfa.

Þróun hlutdeilar bankans í miðlun á skuldabréfa- og hlutabréfamarkaði má sjá í eftirfarandi tveimur töflum:

Hlutdeild á skuldabréfamarkaði

| Skuldabréf | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---------------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| Kvika banki | 34% | 34% | 34% | 28% | 20% | 15% | 15% | 19% |
| Íslandsbanki | 20% | 21% | 20% | 20% | 18% | 17% | 16% | 18% |
| Arion banki | 14% | 16% | 16% | 20% | 17% | 17% | 15% | 16% |
| Landsbankinn | 23% | 22% | 21% | 21% | 20% | 18% | 17% | 16% |
| Fossar markaðir | | | | 5% | 13% | 12% | 13% | 15% |
| Aðrir | 10% | 7% | 9% | 7% | 12% | 22% | 24% | 16% |

Hlutdeild á hlutabréfamarkaði

| Hlutabréf | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|---------------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| Arion banki | 15% | 17% | 27% | 23% | 24% | 24% | 25% | 21% |
| Íslandsbanki | 26% | 28% | 20% | 18% | 17% | 12% | 15% | 20% |
| Fossar markaðir | | | | 4% | 8% | 15% | 13% | 19% |
| Landsbankinn | 30% | 21% | 20% | 26% | 22% | 20% | 20% | 14% |
| Kvika banki | 23% | 28% | 23% | 20% | 17% | 14% | 14% | 14% |
| Aðrir | 6% | 6% | 10% | 9% | 12% | 15% | 13% | 12% |

Landsbankinn er virkur aðili á markaði og annast þjónustu er snýr að sölu og miðlun verðbréfa, gjaldeyris og afleiða, viðskiptavakt, fyrirtækjaráðgjöf, eignastýringu og einkabankþjónustu. Viðskiptavinir eru einstaklingar, fyrirtæki og stofnanafjárfestar.

Áhættustjórnun

Frá árinu 2010 hefur Landsbankinn eflt áhættustjórnun og áhættustýringu. Í janúar 2012 markaði bankinn sér í fyrsta sinn heildstæðan áhættuvilja og setti áhættumörk fyrir stærstu áhættuþætti í rekstri bankans.

Markvisst hefur verið dregið úr áhættu innan bankans og hefur starfsemin í öllum meginþáttum verið í samræmi við markmið áhættuvilja.

Nánar er fjallað um áhættustjórnun í ársskýrslum bankans. Landsbankinn hefur ennfremur gefið út áhættuskýrslu undanfarin ár sem uppfyllir upplýsingaskilyldu bankans samkvæmt þriðju stoð Basel II (nú Basel III). Í áhættuskýrslu fyrir árið 2019 er gerð ítarleg grein fyrir öllum þáttum áhættustýringar bankans og þeim aðferðum sem beitt er við mat á áhættu.

<https://bankinn.landsbankinn.is/fjarfestar/arsskyrslur-og-uppgjor/>

Starfskjarastefna

Landsbankinn setur sér starfskjarastefnu sem er lögð fram árlega á aðalfundi bankans í samræmi við 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Samþykkt starfskjarastefna er birt á vef bankans með fundargögnum hvers aðalfundar.

Samfélagsleg ábyrgð

Landsbankinn leggur áherslu á að samfélagsábyrgð sé samþætt kjarnastarfsemi bankans. Það skiptir máli að huga að samfélagsábyrgð á öllum stigum rekstrarins, í stefnumótun og daglegum ákvörðunum. Samfélagsstefna Landsbankans miðar að því að stuðla að sjálfbærni í íslensku samfélagi, vera hreyfiafl og starfa eftir ábyrgum stjórnarháttum.

Samfélagsskýrsla Landsbankans er gefin út samhliða ársskýrslum bankans eða í tengslum við aðalfundi hans. Skýrslan fylgir viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI) en telst einnig svokölluð framvinduskýrsla í samræmi við þátttöku Landsbankans í UN Global Compact verkefni Sameinuðu þjóðanna. Landsbankinn fékk viðurkenningu fyrir samfélagsskýrslu vegna ársins 2017, en skýrslan var valin besta samfélagsskýrslan það árið. Samfélagsskýrsla Landsbankans var birt á ytri vef bankans þann 27. mars sl.

<https://samfelagsskyrsla2019.landsbankinn.is/>

Landsbankinn skrifaði undir meginreglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar árið 2013, svokallaðar PRI-reglur. Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst að innleiðingu þessarar stefnu hjá bankanum og hjá Landsbréfum, dótturfélagi bankans. Erlendir fjárfestar og fjármálafyrirtæki horfa sífellt meira til þess hvort fyrirtæki, sem þau fjárfesta í eða lána, hafi sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Gera má ráð fyrir að vægi þessa þáttar muni enn aukast á næstu árum, bæði hér á landi og erlendis. Landsbankinn ætlar áfram að vera í forystu hvað varðar innleiðingu á stefnu um ábyrgar fjárfestingar, enda er slíkt í senn til hagsbóta fyrir fjárfesta og bankann. Nýjustu...

Landsbankinn á í samstarfi á sviði samfélagslegrar ábyrgðar bæði hér á landi og erlendis. Bankinn er einn stofnaðila þekkingarseturs um samfélagslega ábyrgð, aðili að UN Global Compact, einn af stofnendum norrænnar deildar innan UNEP FI og fylgir leiðbeiningarstaðlinum ISO 26000.

Í október 2019 fékk Landsbankinn UFS-áhættumat (e. ESG rating) frá Sustainalytics sem snýr að samfélagsábyrgð bankans (UFS; umhverfis- og félagslegir þættir og stjórnarhættir). Landsbankinn fékk mjög góða einkunn og er bankinn í 6. sæti af 376 bönkum sem Sustainalytics hefur mælt í Evrópu. Landsbankinn fékk 17,5 stig á 100 stiga skala sem þýðir að lítil áhætta er talin vera á að bankinn verði fyrir fjárhagslegum áhrifum vegna UFS-þátta.

Nánari upplýsingar eru aðgengilegar á vef bankans:

<https://bankinn.landsbankinn.is/samfelagsleg-abyrgd/>

<https://bankinn.landsbankinn.is/fjarfestar/lanshaefismat/ufs-ahaettumat/>

Umhverfismál

Landsbankinn tekur tillit til umhverfis- og samfélagsstefnu í viðskiptum sínum við birgja og þjónustuaðila. Bankinn hefur dregið verulega úr útsendingum reikningsyfirlita á pappír til viðskiptavina sinna og verður áfram unnið á þeirri braut. Þetta er gert bæði til þess að draga úr kostnaði og minnka pappírnotkun.

Landsbankinn býður starfsfólki að undirrita samgöngusamning um vistvænar samgöngur. Bankinn hefur frá og með árinu 2010 kolefnisjafnað akstur starfsmanna á vegum bankans og millilandaflug starfsmanna í erindum á hans vegum.

Starfsmannastefna

Landsbankinn hefur mótað starfsmannastefnu sem byggir á eftirfarandi meginþáttum:

Starfsumhverfi: Landsbankinn leggur áherslu á að skapa skemmtilegan og áhugaverðan vinnustað þar sem tækjabúnaður og aðstaða er eins og best verður á kosið. Í bankanum er lögð mikil áhersla á að skapa starfsumhverfi með gagnkvæmum sveigjanleika þar sem þarfir fjölskyldu og starfs fara saman.

Starfsánægja: Góður starfsandi er lykilatriði í bankanum. Jákvætt viðhorf starfsfólks eykur starfsánægju og um leið gagnkvæma virðingu í öllum samskiptum innan og utan bankans.

Ráðningar: Landsbankinn leggur áherslu á að fá til liðs við sig öflugt og traust starfsfólk með fjölbreytilegan bakgrunn. Hverju sinni er tekið mið af reynslu, menntun, og hæfni umsækjenda til að takast á við starfið. Allir sem hefja störf hjá bankanum fá góðar móttökur og fræðslu um starfsemi bankans og markvissa starfsþjálfun.

Starfskjör: Lögð er áhersla á að laun og aðbúnaður séu samkeppnishæf og að hagsmunir starfsfólks og bankans fari saman. Einstaklingar eru metnir á eigin forsendum og ákvarðanir um starfskjör taka mið af frammistöðu, starfi og ábyrgð.

Starfsþróun og fræðsla: Landsbankinn leggur áherslu á að starfsfólk eflist og þróist í starfi. Bankinn styður við starfsfólk með öflugum fræðslustarfi og árlegum starfsmannasamtölum. Virk fræðslustefna miðar að því að starfsfólk eflir hæfni sína og nýti hæfileika sína til fulls hverju sinni.

Jafnrétti

Landsbankinn fylgir lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og gilda á hverjum tíma. Landsbankinn er vinnustaður þar sem konur og karlar eru metin á eigin forsendum, hafa jafna möguleika og sömu réttindi í starfi og til starfsframa. Landsbankinn skapar vettvang til virkrar umræðu og vitundar um jafnréttismál. Megináherslur í jafnréttismálum eru eftirfarandi:

1. Landsbankinn er vinnustaður þar sem karlar og konur eiga jafna möguleika til starfa og stjórnasetu.
2. Landsbankinn stefnir að jöfnu hlutfalli kynja meðal starfsmanna og að ákveðin störf flokkist ekki sem sérstök karla- eða kvennastörf.
3. Landsbankinn greiðir konum og körlum jöfn laun og býður sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf.
4. Landsbankinn er vinnustaður þar sem starfsmenn geta samræmt vinnu og einkalíf.
5. Landsbankinn líður ekki einelti, fordóma, kynbundna eða kynferðislega áreitni.
6. Landsbankinn gætir þess að konur og karlar hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.

Landsbankinn hlaut gullmerki jafnlaunaúttektar PwC fyrstur banka á Íslandi árið 2015. Bankinn fylgdi því eftir með sömu viðurkenningu í desember 2015. Þá er bankinn aðili að Jafnréttisvísi Capacent frá því í febrúar 2018. Jafnréttisvísirinn er stefnumótun og vitundarvakning á sviði jafnréttis þar sem staða jafnréttismála er metin með ítarlegri greiningarvinnu og breytingaverkefnum sem miða að því að bæta stöðu jafnréttismála. Loks hlaut Landsbankinn jafnlaunavottun í ársbyrjun 2019, en meginmarkmið hennar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

Jafnréttisstefnan gildir fyrir bankann og, sem liður í eigandastefnu bankans, í dótturfélögum. Nánari upplýsingar um jafnréttisstefnuna er að finna á meðfylgjandi slóð á vef bankans:

<https://bankinn.landsbankinn.is/mannaudur/hvers-vegna-landsbankinn/jafnretti/>

Starfsmannastefnu framfylgt

Til að viðhalda virkri starfsmannastefnu notar bankinn ýmis mælitæki til að fá upplýsingar um stöðu bankans á þeim sviðum sem starfsmannastefnan tekur til. Þar má nefna starfslokagreiningar, mælingar á starfsmannaveltu, þjónustukannanir, reglulegar vinnustaðagreiningar og starfsmannasamtöl. Með markvissum hætti má þannig fá upplýsingar um hvernig starfsmannastefnunni er framfylgt og hversu virk hún er.

Nánar er fjallað um mannauðsmál á árinu 2019 í ársskýrslu bankans:

<https://arsskyrsla.landsbankinn.is/>

4.4 Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja og heimila

Í grein 4.4. í samningnum er eftirfarandi ákvæði:

Landsbankinn skal vera virkur þátttakandi í að leita leiða til að vanda úrvinnslu og hraða endurskipulagningu lánasafns bankans. Við skuldbreytingar fyrirtækja og heimila og fjárhagslega endurskipulagningu skal Landsbankinn:

- Starfa í samræmi við gildandi lög, reglur og tilmæli eftirlitsaðila.
- Starfa í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.
- Leitast við að hámarka verðmæti krafna sinna, m.a. með því að viðhalda góðri yfirsýn á stöðu lántakenda og bregðast við án tafa verði breytingar á stöðu þeirra.
- Hafa að leiðarljósi sjónarmið um heilbrigðan bankarekstur til lengri tíma.
- Hraða fjárhagslegri endurskipulagningu þannig að á árinu 2011 verði lokið meira en 75% af þeirri endurskipulagningu lána sem skilgreint hefur verið í viðskiptaáætlun að þurfi að eiga sér stað. Fjárhagslegri endurskipulagningu verði lokið á árinu 2012.

Landsbankinn telur sig hafa uppfyllt þessi ákvæði samningsins og er í því sambandi vísað til ársskýrslna og áhættuskýrslna bankans undanfarin ár.

5. Upplýsingagjöf til hluthafa og eftirfylgni

Í 5. grein samningsins er eftirfarandi ákvæði:

Landsbankinn lætur Bankasýslu ríkisins í té þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögum. Gætt skal að jafnræði hluthafa þannig að upplýsingagjöf til þeirra sé samræmd.

Landsbankinn telur sig uppfylla ofangreint ákvæði með opinberri upplýsingagjöf og kynningum fyrir Bankasýsluna. Landsbankinn birtir ársfjórðungsuppgjör sín í Kauphöll og hefur kynnt samandregna stefnuáætlun sína fyrir Bankasýslunni þegar eftir því hefur verið leitað. Þá hafa verið haldnir árlegir fundir bankaráðs og stjórnar Bankasýslunnar þar sem stefna bankans hefur verið kynnt. Ennfremur hefur Landsbankinn brugðist skriflega við fyrirspurnum Bankasýslunnar um einstök mál.

5.1 Viðskiptaáætlun

Í grein 5.1. í samningnum er eftirfarandi ákvæði:

Viðskiptaáætlun vegna komandi rekstrarárs skal afhent hluthöfum innan 15 daga frá því að hún hefur verið samþykkt af stjórn bankans. Bankinn skal kynna viðskiptaáætlunina fyrir hluthöfum á sérstökum fundi. Viðskiptaáætlun skal innihalda yfirlýsingu um markmið í rekstri og hvernig bankinn hyggst ná þeim markmiðum. Viðskiptaáætlun skal gera grein fyrir heildar rekstraráætlun ásamt áætlun um þróun efnahags. Þá skal viðskiptaáætlun sundurliðuð niður á einstakar mikilvægar einingar í rekstrinum. Áætlanir skulu gera grein fyrir fyrirhugaðri sölu og/eða yfirtöku eigna. Í áætlun skal gerð grein fyrir samanburði við rauntölur næstliðins rekstrarárs.

Bankinn vinnur stefnuáætlun sína árlega þar sem fram koma markmið í rekstri bankans sundurliðuð niður á einstakar einingar bankans. Landsbankinn hefur ekki afhent hluthöfum viðskiptaáætlun í heild sinni innan 15 daga, enda samrýmist það ekki reglum Kauphallar að afhenda einum hluthafa slík trúnaðargögn. Hins vegar er gerð grein fyrir stefnumótun bankans og markmiðum á aðalfundum og kynningarfundum bankans. Gæta þarf að jafnræði hluthafa þannig að upplýsingagjöf til þeirra sé samræmd, en Bankasýslan hefur þó fengið stutta kynningu árlega á helstu áhersluatriðum í viðskiptaáætlun bankans.

5.2 Ársreikningur og aðalfundur

Í grein 5.2. er eftirfarandi ákvæði:

Afhenda skal hluthöfum endurskoðaðan ársreikning eigi síðar en 3 mánuðum eftir að 12 mánaða uppgjörstímabili lýkur (fjárhagstímabili). Aðalfundur skal haldinn fyrir 1. maí ár hvert.

Landsbankinn hefur uppfyllt þetta ákvæði samningsins með birtingu ársuppgjors í Kauphöll frá 10. október 2013, en fyrir þann tíma voru uppgjör einnig birt opinberlega. Nánar tiltekið hefur ársuppgjör verið birt eftirfarandi daga undanfarin ár:

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|------------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|
| Ársuppgjör | 06.03.13 | 01.03.14 | 26.02.15 | 25.02.16 | 09.02.17 | 15.02.18 | 07.02.19 | 06.02.20 |

5.3 Ársfjórðungsleg skýrslugjöf

Í grein 5.3. í samningnum er eftirfarandi ákvæði:

Ársfjórðungslega, innan 60 daga frá lokum hvers ársfjórðungs (31. mars, 30. júní og 30. september) skal afhenda hluthöfum árshlutareikninga í sama formi og þeir eru sendir Fjármálaeftirlitinu. Árshlutareikningar skulu sendir hluthöfum án ónauðsynlegrar tafar eftir að þeir eru samþykktir af stjórn og fyrir opinbera birtingu.

Landsbankinn hefur uppfyllt þetta ákvæði samningsins með birtingu árshlutauppgjors í Kauphöll frá 10. október 2013, en fyrir þann tíma með opinberri birtingu. Nánar tiltekið hafa árshlutauppgjör verið birt eftirfarandi daga undanfarin ár:

| | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|------------------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|
| 1. ársfjórðungur | 10.05.12 | 23.05.13 | 15.05.14 | 11.05.15 | 12.05.16 | 04.05.17 | 03.05.18 | 02.05.19 |
| 2. ársfjórðungur | 30.08.12 | 29.08.13 | 21.08.14 | 20.08.15 | 11.08.16 | 27.07.17 | 26.07.18 | 25.07.19 |
| 3. ársfjórðungur | 15.11.12 | 21.11.13 | 06.11.14 | 05.11.15 | 27.10.16 | 26.10.17 | 25.10.18 | 24.10.19 |

5.4 Upplýsingafundur með hluthöfum

Í grein 5.4. í samningnum er eftirfarandi ákvæði:

Í framhaldi af afhendingu ársfjórðungsuppgjörs, ársreikninga og viðskiptaáætlunar skal stjórn bankans boða til kynningarfundar þar sem farið er yfir árangur ársfjórðungs/árs, stöðu og horfur. Á fundinum skal farið yfir eftirfarandi atriði:

1. Rekstrar- og efnahagsreikningur bankans, brotið niður á viðskiptaæiningar.
2. Greining á helstu liðum efnahags, þ.m.t. innlán, útlán (breytingar á lánabók og endurskipulagningu lána), skuldabréf við LBI hf.
3. Samanburður afkomu viðskiptaæininga við fyrra ár. Skýringar á mikilsverðum atriðum í rekstri hvernar viðskiptaæiningar.
4. Áhættugreining. Skýringar á mikilsverðum atriðum varðandi áhættustöðu bankans, m.a. útlána- og uppgjörsáhætta, gjaldeyris- og markaðsáhætta, lausafjárstaða og þróun eiginfjárstöðu.

Landsbankinn hefur uppfyllt þetta ákvæði samningsins með kynningarfundum um árs- og ársfjórðungsuppgjör, þar sem innlendum og erlendum aðilum er boðið að taka þátt gegnum fjarfundabúnað. Einnig hefur bankinn haldið sérstaka kynningarfundum með Bankasýslunni um árs- og ársfjórðungsuppgjör þegar þess hefur verið óskað.

5.5 Eftirfylgni

Í grein 5.5. í samningnum er eftirfarandi ákvæði:

Í tengslum við aðalfund skal bankinn halda kynningarfund þar sem farið er yfir ítarlega kynningu á rekstri liðins árs. Frá árinu 2011 og árlega eftir það, á meðan samningurinn er í gildi, skal fara nákvæmlega yfir ákvæði samningsins og hvernig bankinn hefur mætt þeim samningsákvæðum og markmiðum sem þar eru sett fram. Bankinn skal skila skriflegri skýrslu um efnið.

Í samantekt þessari koma fram upplýsingar í samræmi við ofangreint og ennfremur hafa verið haldnir fundir bankaráðs og bankastjóra með stjórn og forstjóra Bankasýslunnar til að gera grein fyrir stöðu og rekstri bankans á hverjum tíma.

5.6 Mikilvæg atriði

Í grein 5.6 í samningnum er eftirfarandi ákvæði:

Bankinn skal án tafar og til viðbótar við ofangreinda skýrslugjöf upplýsa hluthafa um öll mikilvæg mál sem upp kunna að koma, eða eru ákveðin af bankanum og gætu haft afgerandi áhrif á rekstur og efnahag. Jafnframt skal bankinn upplýsa Bankasýslu ríkisins um öll mikilvæg mál sem upp kunna að koma eða eru ákveðin af bankanum og kunna að hafa áhrif á atriði er varða samninginn.

Landsbankinn telur sig hafa uppfyllt þetta ákvæði samningsins með upplýsingagjöf til Kauphallar, annarri almennri upplýsingagjöf og sérstakri upplýsingagjöf til Bankasýslu, eins og við á og heimilt er á hverjum tíma.

6. Upplýsingamiðlun

Í grein 6 í samningnum er eftirfarandi ákvæði:

Landsbankinn skal miðla framtíðarsýn sinni, stefnumörkun og árangri með skýrum hætti á heimasíðu sinni.

Landsbankinn skal birta ársfjórðungslegar fjárhagsupplýsingar opinberlega. Bankasýslan mun árlega gefa út skýrslu með heildstæðum upplýsingum, m.a. um þau fjármálafyrirtæki sem hún fer með eignarhlut í.

Ætíð skal auglýst í stöður æðstu stjórnenda bankans, svo sem bankastjóra og framkvæmdastjóra.

Fulltrúum fjölmiðla, ráðherrum og alþingismönnum skal heimilt að sækja aðalfundi Landsbankans.

Landsbankinn hefur birt upplýsingar um stefnu sína, framtíðarsýn og árangur, svo og árs- og árshlutauppgjör. Stöður æðstu stjórnenda hafa ávallt verið auglýstar.

<https://bankinn.landsbankinn.is/um-bankann/stefna/>

<https://bankinn.landsbankinn.is/fjarfestar/>

7. Önnur atriði

Í grein 7 í samningnum er eftirfarandi ákvæði:

Samkomulag er um að stefnt skuli að því að starfskjör bankastjóra Landsbankans verði sem fyrst sambærileg við kjör fyrir svipuð störf á fjármálamarkaði en séu þó ekki leiðandi, samanber IV. kafla eigandastefnu ríkisins.

Með nýjum lögum um kjararáð nr. 130/2016 sem tóku gildi 1. júlí 2017 var ákvörðunarvald um starfskjör bankastjóra Landsbankans fært til bankaráðs. Bankaráð fylgir starfskjarastefnu bankans hvað starfskjör bankastjóra varðar.

8. Gildistími og endurskoðun

Í grein 8 í samningnum er eftirfarandi ákvæði:

Samningurinn skal tekinn til endurskoðunar ef þörf krefur t.d. ef veruleg breyting verður á eignarhaldi bankans, meirihluta stjórnarmanna, aðstæður eða eigandastefna breytast markvert, verði fjármálagerningar útgefnir af bankanum skráðir á markað sem og að teknu tilliti til þess hvernig ákvæðum samningsins og skilyrðum hefur verið fylgt eftir eða fullnægt.

Samningurinn hefur ekki verið tekinn til endurskoðunar eins og gert var ráð fyrir þrátt fyrir að verulegar breytingar hafi orðið á þeim þáttum sem vísað er til í ofangreindu ákvæði.